

Kæru foreldrar/forráðamenn



Nú fer vetrarstarfið að hefjast hjá okkur hjá félagsmiðstöðvunum á Akureyri. Það hafa orðið breytingar hjá okkur sem tengjast Oddeyrarskóla, en í stað þess að vera undir félagsmiðstöðinni Tróju ætlum við að taka aftur upp á því að vera með sér rekna félagsmiðstöð. Það felur í sér að við munum stofna nýja félagsmiðstöð fyrir okkur á eyrinni og verðum því í takt við þorpið þar sem sér félagsmiðstöð er við hvern skóla. Vonum við að þetta verði til þess að unglíngarnir finnist þeir tilheyra ákveðnum stað frekar en að vera undir öðrum og njóti sín betur.

Strax í skólabyrjun verður samkeppni um að finna NAFN á félagsmiðstöðina og LOGO ☺ Allar tillögur mega sendast á netfangið oddeyrarskoli@gmail.com eða í skilaboð á facebooksíðunni okkar sem heitir núna Félagsmiðstöðin Oddféló. Allir nemendur geta tekið þátt. Oddféló er nafn sem við notum þar til nýtt nafn hefur verið valið ☺

Opna starfið okkar verður sem hér segir:

- MiðHús

- MiðHús er opið hús fyrir 5. 6. og 7. bekk og er fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði í Oddeyrarskóla. Annan þriðjudag í mánuði er opnun í Giljaskóla, þriðja þriðjudag er opnun í Glerárskóla og fjórða þriðjudag í mánuði er opnun í Síðuskóla. Allar opnanirnar eru frá kl. 16:00-17:30. Börnunum er velkomið að fara á milli skóla.

Það verður sjoppa á staðnum en í vetur ætlum við að leggja áherslu á að vera með vörur í „hollari“ kantinum svo við munum bjóða upp á t.d. safa, ávexti, kleinur ofl. **Fyrsta opnun verður þriðjudaginn 1. september**

- Opið hús

- Einu sinni í viku verður opið hús fyrir nemendur í 8.-10. bekk. Opnanirnar verða í Oddeyrarskóla frá kl. 19:30-21:30. Opnanirnar eru alltaf á þriðjudagskvöldum.

Fyrsta opnun verður þriðjudaginn 1. September

- Stelpu- og Strákaklúbbur
 - Einu sinni í viku verða stelpu- og strákaklúbbur fyrir nemendur í 8.-10. bekk. Opnanirnar verða oftast í Oddeyrarskóla en það getur verið breytilegt eftir því hvað gert er hverju sinni. **Fyrsta klúbbakvöldið verður miðvikudaginn 16. september í Oddeyrarskóla**
- SSL – Sweet street life
 - Sweet street life er nýr klúbbur, hugmyndin er að þrískipta klúbbnum. Áhersla verður lögð á rapp og rímnaflæði fyrstu mánuði, með möguleika á þátttöku í Rímnaflæði í Reykjavík 27. nóvember. Eftir jól færist áherslan yfir á Graff og þegar nálgast vor verða hjólabretti í hápunkti. **Nánari tímasetning verður auglýst síðar**

Ykkur er velkomið að gerast vinur *Félagsmiðstöðvarinnar Oddféló* og fylgjast með því sem við erum að gera ☺

Sölvi sem var með okkur í vetur er fluttur suður og mun Alexander Gunnarsson taka við hans stöðu. Við bjóðum honum velkominn til starfa ☺. Alexander verður með á þriðjudagskvöldum og mun hann einnig halda utan um strákaklúbbinn. Það eru spennandi tímar framundan hjá okkur með unglíngunum og hlakkar okkur mikið til alls sem framundan er!

Við munum senda út fréttbréf ásamt dagskrá fyrir opnanir á unglíngastigi í hverjum mánuði.

Ekki hika við að hafa samband ef einhverjar spurningar eða vangaveltur eru.

Bestu kveðjur,

Katrín Ósk og Alexander



s. 460-1241/868-3846

katrinosk@akureyri.is

www.rosenborg.is

Rósenborg|Skólastíg 2|600 Akureyri